

## Umsögn

### um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018—2022.

Frá 2. minni hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Fjárlaganefnd óskaði í upphafi eftir umsögn frá allsherjar- og menntamálanefnd um málefni sem heyra undir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Nefndarmenn Pírata í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd gerðu athugasemd við þá málsmeðferð sem nefndarmenn minni hlutans tóku undir og meiri hlutinn tók svo til greina. Sökum tímaskorts var aðeins óskað eftir að nefndin fengi umsagnarbeiðni frá fjármálanefnd um Umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun að þessu sinni, sem og fjárlaganefnd samþykkti.

Með vísan í 8. lið 1. mgr. 13. gr. 1. mgr. laga um þingsköp nr. 55/1991: "Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Nefndin fjallar um stjórnarskrármál, málefni forseta Íslands, Alþingis og stofnana þess, kosningamál, málefni Stjórnarráðsins í heild og önnur mál sem varða ædstu stjórn ríkisins."

#### Umboðsmaður Alþingis.

Í lögum um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, er kveðið á um að meginhlutverk hans sé að "...tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins." Umboðsmaður Alþingis getur ekki staðfest út frá fyrirliggjandi fjármálaáætlun áruna 2018—2022 hvort og þá hvenær hann fái það fjármagn sem hann komst að niðurstöðu um með skrifstofu Alþingis að væri nauðsynlegt fyrir fyrirhugaða starfsemi stofnunarinnar. Hann treystir því nú að það skili sér en er óviss um hvenær.

Hinn 19. desember 2015 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um fullgildingu valfrjálsrar bókanar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (OPCAT). Umboðsmaður Alþingis hefur bent á að sé það vilji löggjafans að hann sinni eftirliti með OPCAT þurfi honum að vera tryggt nauðsynlegt fjármagn til þess. Hann hafi sent Alþingi kostnaðarsundurliðun þar sem heildarkostnaður var tilgreindur rúmar 38 millj. kr. á ársgrundvelli. Eftirlitið snýr að því að gæta þess að mannréttindi frelsissvipts fólks séu virt, en í fjármálaáætlun kemur fram að þrátt fyrir að vilji sé til þess að innleiða OPCAT sé að svo stöddu ekki fjárhagslegt svigrúm til að ráðast í verkefnið. 2. minni hluti leggur til að þessi fjárhæð sé tryggð og að hún komi undir liðnum Alþingi og eftirlitsstofnanir þess til að tryggja að þetta eftirlit með réttaröryggi borgaranna gagnvart m.a. fulltrúum framkvæmdarvaldsins sé ekki háð fjárúthlutun frá framkvæmdarvaldinu.

#### Ríkisendurskoðun.

Í lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016, er kveðið á um að hlutverk ríkisendurskoðanda sé „að hafa í umboði Alþingis eftirlit með fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja á þann hátt sem nánar greinir í lögum þessum“ ásamt því að gera stjórnsýsluúttektir á hagkvæmni, skilvirkni og árangri á starfsemi sömu aðila. Stofnuninni er gert í fjármálaáætluninni að innleiða nýja alþjóðlega staðla og hafa eftirlit með

hagkvæmri og réttmætri nýtingu á skattfé landsmanna eftir nýjum lögum um opinber fjármál. Þrátt fyrir þetta er ekki tilgreint í fjármálaáætluninni hvenær stofnunin fái aukið fé til innleiðingar nýrra ferla og er ríkisendurskoðandi óviss hvenær fjármagn til að sinna þessum verkefnum skilar sér til stofnunarinnar. Sé það ætlun ríkisstjórnar að innleiða með fjármálaáætlun nýja ferla, staðla eða verklag er nauðsynlegt að hún tryggji ríkisendurskoðanda það fjármagn sem nauðsynlegt er til að sinna þeirri vinnu. Það er ekki hægt að sjá það í fjármálaáætluninni hvort svo sé.

**Upplýst ákvörðun um fjármálaáætlun ómöguleg.**

Það er ómögulegt að sjá í fjármálaáætluninni hvað sé áætlað að nota nánast allar fjárheimildir ríkisins í. Hvorki þingmenn né fastanefndir hafa fengið aðgang að upplýsingum um hvað sé mögulegt að gera fyrir það fjármagn sem kemur fram í fjármálaáætluninni. Án þessara upplýsinga er ómögulegt að taka upplýsta ákvörðun um hvort fjármálaáætlunin sé farsæl fyrir landsmenn og vel verði farið með skattfé, eða ekki. Skortur á gegnsæi til Alþingis og almennings í þessari fjármálaáætlun er nánast algjör þrátt fyrir að þessar tölur liggja fyrir hjá ráðuneytum og skrifstofu Alþingis.

Alþingi, 4. maí 2017.

Birgitta Jónsdóttir  
Jón Þór Ólafsson.